*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 140/1955*
*komudagur 25.4.2012*

RÍKISSAKSÓKNARI

SJF/
Tilv.: 201204-0258

Reykjavík 25. apríl 2011

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, 137. mál, heimild til upptöku ólögmæts ávinnings.

Rétt þykir að nota heitið „ákærandi" í stað orðalagsins „handhafi ákæruvalds" í 1. málslið 1. gr., en sú hugtakanotkun er í samræmi við III. kafla laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, sem fjallar um ákæruvaldið.

Ríkissaksóknari vísar til og ítrekar efnisatriði umsagnar sinnar um málið, dags. 21. maí 2010, að því leyti sem ekki hefur verið brugðist við þeim athugasemdum sem þar komu fram. Auk þess að leita umsagnar refsiréttarnefndar um frumvarp þetta telur ríkissaksóknari einnig nauðsynlegt að innanríkisráðuneytið leiti umsagnar réttarfarsnefndar um þau réttarfarslegu álitaefni sem uppi eru og varða einkum umboð ákæranda til málshöfðunar og þær réttarfarsreglur sem rétt þykir að beita við meðferð þessara mála.

Sigríður J. Friðjónsdóttir

Nefndasvið Alþingis (nefndasvid@althingi.is)

**Póstfang:** Hverfisgata 6, 150 Reykjavík
**Sími:** 530-1600
**Netfang:** rsak@tmd.is
**Bréfsími:** 530-1606
**Kennitala:** 530175-0229